



27. janúar 2012

Yfirlýsing frá Læknafélagi Íslands

Í Fréttablaðinu í dag, föstudaginn 27. janúar 2012, er frétt um svokallað PIP-mál. Læknafélag Íslands og Félag ísl. lýtalækna áttu fund með landlækni þriðjudaginn 24. janúar sl. til að ræða þetta málefni.

Þar kom fram að meðan lýtalæknar eru ekki fullvissir um að þeim sé að lögum heimilt að senda landlækni persónugreinanlegar upplýsingar um allar konur sem farið hafa í brjóstastækkunaraðgerðir frá 1. janúar 2000 þá munu upplýsingarnar ekki verða sendar. Fram kom einnig að búið er af hálfu Læknafélags Íslands að leita leiðbeininga Persónuverndar vegna kröfu landlæknis um upplýsingarnar og þá staðreynd að svo virðist sem búa eigi til persónugreinanlega skrá með nöfnum allra kvenna sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð frá 1. janúar 2000 til ársloka 2011. Læknar telja lagaheimildir landlæknis til persónugreinanlegra upplýsingar fyrir gildistöku laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 óskýrar. Til viðbótar kemur að fjölmargar konur hafa leitað til lýtalækna og lagt blátt bann við að þeir sendi persónugreinanlegar upplýsingar til landlæknis um brjóstastækkunaraðgerð þeirra.

Sameiginleg niðurstaða fundar Læknafélags Íslands, Félags ísl. lýtalækna og landlæknis var að bíða leiðbeininga eða úrskurðar Persónuverndar um það hvort umbeðin upplýsingagjöf til landlæknis væri lýtalæknum heimil. Það kemur Læknafélagi Íslands og Félagi ísl. lýtalækna því á óvart að lesa í Fréttablaðinu ummæli höfð eftir bæði velferðarráðherra og landlækni að þeir telji þörf á því að þvinga fram gögn um brjóstastækkannir.

Læknafélag Íslands og Félag ísl. lýtalækna vilja undirstrika að lýtalæknar hafa engra persónulegra hagsmuna að gæta af því að veita landlækni ekki umbeðnar upplýsingar ef skýrt er að hann eigi lagalegan rétt á upplýsingunum. Persónugreinanlegri upplýsingagjöf um sjúklinga, sem ekki byggir á skýrum lagafyrirmælum, fylgir refsí- og bótaábyrgð. Þess vegna er mikilvægt að engin óvissa ríki um heimild lýtalækna til að afhenda upplýsingarnar.

Lýtalæknar standa ekki í vegi þess að landlæknir geti rækt eftirlitshlutverk sitt lögum samkvæmt, en trúnaðarskylda lækna gagnvart sjúklingum er rík. Þessi tvö sjónarmið þarf að samræma og þess vegna hefur verið óskað aðkomu Persónuverndar að málinu.

Vegna málsins hefur Læknafélag Íslands tekið saman greinargerð, sem birt hefur verið á heimasíðu félagsins www.lis.is. Þar er einnig að finna þau bréf sem send hafa verið vegna málsins.